

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

5. mars 2004

Þann 26. febrúar sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Reikningsskilaráðs um breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga, mál nr. 427 sem nú er til umfjöllunar hjá nefndinni.

Ráðið hefur farið yfir breytingartillöguna og vill það koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við hana.

Ný grein

Lagt er til að bætt verði nýrri grein við frumvarpið sem koma skal á undan 1. gr. Efni þessarar greinar virðist í fljótu bragði vera alls óskyld ákvæðum „fair value“ tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/65/EB. En það er yfirlýstur tilgangur frumvarpsins að lögleiða ákvæði þeirrar reglugerðar.

Hér er hins vegar verið að gera breytingar á ákvæðum sem tekin voru inn í ársreikningalögin með lögum nr. 25/2002.

Efnislega má segja að tillaga að 3. tölulið 1.mgr. 11.gr. A er ekki mjög skýrt orðuð.

Núgildandi ákvæði 3. töluliðar 11. greinar A hljóðar svo:

„3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta viðskipta í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt góðri reikningsskilavenju.“

Í breytingartillögunni er lagt til:

„3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna við erlenda aðila í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt góðri reikningsskilavenju.“

Hér er verið að skipta út „verulegum hluta viðskipta“ fyrir „verulegan hluta tekna sinna við erlenda aðila“. Þetta er þrenging á ákvæðinu.

Með þessu er verið að gera tvennt:

1.) Mismunun eftir þjóðerni: Verið er að mismuna fyrirtækjum eftir því hvort þau eiga í viðskiptum við innlenda eða erlenda aðila. Hægt er að hugsa sér innlendan aðila, t.d. stóriðju, sem kys að eiga sem mest af viðskiptum sínum í sinni tekjumynt (t.d. evrum) og vill gera samninga við innlenda aðila um kaup á vörum eða þjónustu í þeirri mynt. Ef birginn er íslenskur þá má hann ekki færa reikningsskil sín í þeirri mynt, þar sem

viðskiptavinurinn er innlendir. Slíkt gæti hindrað hann í að gera slíkan samning við stóriðjuna sem leiti þá frekar hófanna hjá erlendum birgjum sem eiga ekki erfitt með að gera viðskiptasamninga í annarri mynt en íslenskum krónum. Er rétt að mismuna erlendum aðilum og innlendum að þessu leyti? Ekki verður séð að það skipti neinu máli fyrir afkomumælingar fyrirtækis hvort átt eru viðskipti við innlenda eða erlenda aðila í sjálfu sér. Það eina sem skiptir máli er hvort reksturinn er stundaður í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Skilgreiningu á því hvað er „erlendir aðili“ vantar, t.d. er dótturfélag sem hefur starfsstöð erlendis og móðurfélag þess er íslenskt með 100% eignaraðild, „erlendir aðili“, ef ekki, hvað ef eignaraðildin væri 55%?

2.) Binda við tekjur en ekki viðskipti. Reikningsskilaráð telur að of þröngt sé að binda ákvæði þetta við tekjur eingöngu. Tekjur geta ekki ákvarðað „einhlíða“ hver starfsrækslugjaldmiðillinn er því tekjur eins fyrirtækis eru gjöld annars fyrirtækis og sér Reikningsskilaráð ekki rök fyrir því að taka þennan lið út úr og mismuna fyrirtækjum eftir því hvoru megin borðsins þau standa. Með núverandi orðalagi ákvæðisins þ.e. „verulegur hluti viðskipta“ má túlka sem svo að það nái til allra þátta starfseminnar þ.e. rekstraráhrif (þ.e. bæði gjalda- og tekjuhlið), eigna og skuldaáhrif og sjóðstreymisáhrif. En Reikningsskilaráð telur að rétt sé að horfa til allra þessara þátta í starfsemi fyrirtækis þegar ákvörðun sé tekin um það hvort heimila eigi fyrirtæki að gera upp reikningsskil sín í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum.

Ekki verður því séð að breytingartillagan á ákvæðum 3. töluliðar 11. greinar A sé til bóta.

Til viðbótar væri hægt að einfalda 3. tölulið með því að sleppa tilvísun í góða reikningsskilavenju.

Núgildandi ákvæði 4. töluliðar 11. greinar A

„Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna og skulda þeim tengdra skráðan í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr.“

í breytingartillögunni er lagt til:

„4. Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna með kaupum á fjárfestingavörum erlendis frá og skuldir þeim tengdum eru í erlendum gjaldmiðli, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. mgr. 2. gr.“

Eins og með ákvæði 3. töluliðar er hér lögð til þrenging á ákvæðinu.

Reikningsskilaráð hefur uppi svipaðar athugasemdir við þetta ákvæði og 3. tölulið. Er þörf á því að bæta við ákvæðið „erlendis frá“? Hugsanlegt er að með þessu ákvæði sé verið að skekkja samkeppnisstöðu innlendra félaga gagnvart erlendum. Því hugsanlegt er að fyrirtæki sem hug hefur á því að gera upp reikningsskil sín í erlendri mynt fremur íslenskri velji að kaupa frekar fjárfestingarvörur sínar „erlendis frá“ fremur en að eiga viðskipti við innlenda aðila, t.d. umboðsaðila. Því skekkir þetta ákvæði samkeppnisstöðu innlendra félaga gagnvart erlendum en vandséð er hver þörfm á því er.

Þýðing á hugtakinu „Fair value“

Í breytingartillögunni er lagt til að í stað orðsins „gangvirði“ í 7. tölul. 2. mgr. komi: „gangverði“. Reikningsskilaráð telur þetta ekki vera góða tillögu og er vísað í því sambandi til umsagnar þess um frumvarpið til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 19. jan. sl. og er í sjálfu sér litlu við það að bæta.

Í rökstuðningi í athugasemdum við breytinguna fyrir því að nota fremur gangverð fremur en gagnvirði segir m.a.:

„Einnig má benda á að í norrænum málum er „value“ í báðum framangreindum tilfellum þýtt með „verdi“ á dönsku, „vårde“ á sænsku og norsku „verdi“.“

Þetta er talið sem röksemd fyrir því að þýða „value“ sem **verð** en ekki **virði**. Sem er mjög einkennilegt því að þetta er ágætis röksemd fyrir því að nota virði fremur en verð því að í norrænum málum er talað um „pris“ þegar átt er við verð.

Ekki tekið tillit til allra athugasemda Reikningsskilaráðs

Ráðið vill ítreka eftirfarandi atriði sem fram komu í fyrri umsögn þess frá 19. janúar sl. til nefndarinnar um frumvarpið:

1. gr. og 2. gr.

Hugtakið „alþjóðlegar reikningsskilareglur“ kemur fyrir í 1. og 2. grein. Ráðið telur betra sé að nota „alþjóðlega reikningsskilastaðla“. Með því að nota „staðla“ í stað „reglna“ er tekinn af allur vafi um það að verið sé að vísa til IAS/IFRS staðlanna en ekki einhverra annarra alþjóðlegra reglna.

b. liður, 2. gr.

Mögulegt virðist vera að breyta um reikningsskilaaðferð einfaldlega með því að skilgreina viðkomandi fjármálagerning eða skuldbindingu sem skammtíma- eða langtímagerning. Athuga þyrfti hvort ekki er hægt að orða þessa grein með skýrari hætti. Þannig að ljóst sé að ekki sé heimild til þess að færa fjármálagerninga og skuldbindingar milli flokka eftir eigin vali.

